

# **AkureyrarAkademían**

**Ársreikningur 2018**

# Efnisyfirlit

---

**Bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>3</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>4 - 5</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>6</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>7</b>
Skýringar og sundurliðanir .....	<b>8 - 10</b>

# Skýrsla stjórnar

---

AkureyrarAkademían er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum. Félagið var stofnað á árinu 2014 og tók við starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.

Afgangur varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2018 að fjárhæð kr. 2,8 millj. samanborið við kr. 549 þús. í afgang af rekstri árið 2017. Eigið fé stofnunarinnar nam kr. 6,0 millj. í árslok 2018.

Stofnendur stofnunarinnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni.

Það er álit stjórnar AkureyrarAkademíunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun komi fram í ársreikningnum.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Akureyri, 29. maí 2019

**Stjórn:**

**Framkvæmdastjóri:**

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar AkureyrarAkademíunnar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð AkureyrarAkademíunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi AkureyrarAkademíunnar. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 29. maí 2019

**Enor ehf.**

Níels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Opinber framlög .....		7.500.000	7.300.000
Leigutekjur .....		2.647.500	2.240.000
Aðrar rekstrartekjur .....		3.806.524	449.520
		13.954.024	9.989.520
<b>Rekstrargjöld</b>			
Verkefnakostnaður .....		1.144.461	210.744
Laun og launatengd gjöld .....	3	6.311.289	5.669.011
Rekstur fasteignar .....		2.719.916	2.637.552
Annar rekstrarkostnaður .....		1.012.707	991.980
		11.188.373	9.509.287
<b>Rekstrarhagnaður</b>		2.765.651	480.233
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		51.137	70.208
Vaxtagjöld .....		(4.622)	(1.878)
		46.515	68.330
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		2.812.166	548.563

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	<u>31.12 2018</u>	<u>31.12 2017</u>
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		60.000	166.500
Aðrar skammtímakröfur .....		8.583	11.452
Handbært fé .....		<u>7.135.424</u>	<u>3.811.093</u>
		7.204.007	3.989.045
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>7.204.007</u></u>	<u><u>3.989.045</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	4		
Stofnfé .....		1.083.000	1.083.000
Varasjóður .....		<u>4.885.300</u>	<u>2.073.134</u>
		5.968.300	3.156.134
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		208.517	222.077
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>1.027.190</u>	<u>610.834</u>
		1.235.707	832.911
<b>Skuldir samtals</b>		1.235.707	832.911
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>7.204.007</u></u>	<u><u>3.989.045</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

AkureyrarAkademían er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. AkureyrarAkademían sem var stofnuð á árinu 2014 er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samstanda af leigutekjum vegna aðstöðu ásamt framlögum og styrkjum til rekstrar stofnunarinnar.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að stofnunin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.



# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun .....	5.062.400	4.627.233
Verktakagreiðslur vegna reksturs .....	0	(50.000)
Bifreiðastyrkur .....	51.722	0
Lífeyrisiðgjöld .....	646.540	521.413
Tryggingagjald .....	394.605	352.684
Áunnið orlof, breyting .....	41.091	96.346
Önnur launatengd gjöld .....	114.931	121.335
	<u>6.311.289</u>	<u>5.669.011</u>
Fjöldi ársverka .....	0,7	0,7

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

## 4. Eigið fé

Heildarstofnfé nam í árslok kr. 1.083.000.

### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Varasjóður	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun .....	1.083.000	2.073.134	3.156.134
Hagnaður ársins .....		2.812.166	2.812.166
Staða í árslok .....	<u>1.083.000</u>	<u>4.885.300</u>	<u>5.968.300</u>

## Sundurliðanir með ársreikningi

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Ríkisframlög .....	7.500.000	7.300.000
Húsaleigutekjur .....	2.647.500	2.240.000
Félagsgjöld .....	48.000	43.500
Styrkir og önnur framlög .....	3.671.524	401.520
Tekjur vegna námskeiða og kennslu .....	87.000	4.500
	<b>13.954.024</b>	<b>9.989.520</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Verkefnakostnaður</b>		
Fyrirlestraröð á öldrunarheimilum .....	262.411	185.744
LÝSA (fundur fólksins) .....	77.500	25.000
Konur upp á dekk .....	337.592	0
Konur taka af skarið .....	466.958	0
	<b>1.144.461</b>	<b>210.744</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	5.062.400	4.627.233
Verktakagreiðslur vegna reksturs .....	0	(50.000)
Bifreiðastyrkur .....	51.722	0
Lífeyrisiðgjöld .....	646.540	521.413
Tryggingagjald .....	394.605	352.684
Áunnið orlof, breyting .....	41.091	96.346
Önnur launatengd gjöld .....	114.931	121.335
	<b>6.311.289</b>	<b>5.669.011</b>
<b>Rekstur fasteignar</b>		
Húsaleiga .....	1.688.634	1.783.111
Viðhaldskostnaður .....	18.352	9.513
Rafmagn og hiti .....	235.371	247.958
Öryggisgæsla .....	17.163	17.466
Snjómokstur .....	93.000	69.750
Sorphirða .....	40.563	42.916
Ræsting og hreinlætisvörur .....	321.048	332.711
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	219.775	68.782
Kaffistofa .....	59.745	49.065
Tryggingar .....	26.265	16.280
	<b>2.719.916</b>	<b>2.637.552</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Póst- og sendingarkostnaður .....	720	860
Auglýsingar .....	15.705	30.988
Pappír, prentun og ritföng .....	121.847	44.425
Endurskoðun og reikningskil .....	403.920	390.206
Vefsíðu, síma og internetkostnaður .....	333.678	279.499
Ferðakostnaður .....	25.910	30.455
Fundakostnaður .....	57.656	71.385
Bankakostnaður og þjónustugjöld .....	39.996	38.127
Starfsmannatengdur kostnaður .....	10.940	82.322
Ýmis annar kostnaður .....	2.335	23.713
	<b>1.012.707</b>	<b>991.980</b>